1875 37 19da maí

*Brjef landshöfðingja* (til biskups).

Samkvæmt frumvarpi biskupsins frá 13. þ. m. úthlutaði landshöfðinginn með þessu brjefi þeim 1000 krónum, sem í 7. grein fjárhagsáætlunar landsins frá 6. nóvbr 1874 (stjórnartíð. 1874 A. 4.) eru veittar til styrktar fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum árið 1875 þannig:

A. Uppgjafaprestar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Síra Þorleifur Jónsson præp. hon. í Hvammi í Dölum | 40 krónur |
| 2. | — Guðmundur Torfason á Torfastöðum í Árnessýslu | 60 — |

B. Prestaekkjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sigríður Jónsdóttir, ekkja fyrrum prests að Skinnastöðum síra Guðmundar Þorsteinssonar | 20 — |
| 2. | Kristín Gunnarsdóttir, ekkja fyrrum prests til Desjamýrar síra Snorra Sæmundssonar | 20 — |
| 3. | Guðlaug Guttormsdóttir, ekkja fyrrum prests að Skeggjastöðum síra Siggeirs Pálssonar | 20 — |
| 4. | Þorbjörg Jónsdóttir, ekkja fyrrum prests að Kolfreyjustað síra Ólafs Indriðasonar | 30 — |
| 5. | Margrjet Magnúsdóttir, ekkja eptir síra Hinrik Hinriksson, prest á Skorrastað | 30 — |
| 6. | Guðrún Þorvaldsdóttir, ekkja eptir síra Stefán Stephensen, síðast prest að Reynivöllum | 10 — |
| 7. | Björg Magnúsdóttir, ekkja eptir síra Jón Björnsson á Dvergasteini | 30 — |
| 8. | Sigríður Benidiktsdóttir, ekkja eptir prestinn síra Jón Bergsson í Einholti | 20 — |
| 9. | Guðrún Ingvarsdóttir, ekkja síra Magnúsar Torfasonar á Eyvindarhólum | 30 — |
| 10. | Guðný Jónsdóttir, ekkja síra Jóns Sigurðssonar í Kálfholti | 40 — |
| 11. | Elín, ekkja eptir prest í Selvogi síra Lárus Scheving | 44 — |
| 12. | Ingibjörg, ekkja eptir prest til Stokkseyrar, síra Gísla Thorarensen | 20 — |
| 13. | Guðrún Jónsdóttir, ekkja eptir síra Magnús Grímsson að Mosfelli | 20 — |
| 14. | Kristín Eiríksdóttir, ekkja eptir prest í Efriholtaþingum síra Jóhann Björnsson | 24 — |
| 15. | Margrjet Narfadóttir, ekkja eptir síra Sveinbjörn Hallgrímsson á Glæsibæ | 45 — |
| 16. | Þórun Ásgrímsdóttir, ekkja eptir síra Grím Pálsson á Helgafelli | 20 — |
| 17. | Helga Pálsdóttir, ekkja eptir síra Björn Jónsson, prest að Reynivöllum | 25 — |
| 18. | Kristjana, ekkja eptir síra Einar Einarsen í Stafholti | 30 — |
| 19. | Kristín Jónsdóttir, ekkja eptir sira Svein Benidiktsson í Álptaveri | 50 — |
| 20. | Solveig Markúsdóttir, ekkja eptir síra Björn Jónsson að Stokkseyri | 20 — |
| 21. | Helga Magnúsdóttir, ekkja eptir síra Jón Jakobsson á Glæsibæ | 20 — |
| 22. | Guðlaug Eiríksdóttir, ekkja eptir síra Gísla Jóhannesson að Reynivöllum | 20 — |
| 23. | Sigríður Ingimundardóttir, ekkja eptir prest til Otrardals, síra Ólaf Pálsson | 10 — |
| 24. | Helga Arnfinnsdóttir, ekkja eptir síra Ingjald Jónsson, kapellán að Breiðabólstað í Vesturhópi | 16 — |
| 25. | Elín Einarsdóttir, ekkja eptir síra Jón Jónsson að Steinnesi | 55 — |
| 26. | Matthildur Ásgeirsdóttir, ekkja síra Magnúsar Þorvaldssonar á Rafnseyri | 40 — |
| 27. | Sigríður Oddsdóttir, ekkja síra Jóns Eyjólfssonar að Dýrafjarðarþingum | 25 — |
| 28. | Helga Guðmundsdóttir, ekkja eptir síra Pál Guðmundsson að Borg | 45 — |
| 29. | Guðrún Pálsdóttir, ekkja eptir síra E. B. Sívertsen í Gufudal | 16 — |
| 30. | Maren Nielsdóttir, ekkja eptir síra Björn Þorláksson á Höskuldsstöðum | 30 — |
| | Flyt | 925 — |

Hinn 16. júní 1875.

Reykjavík, 1875. Einar Þórðarson.

1875

Flutlar 925 krónur

37 19da maí 31. Steinun Jónsdóttir, ekkja síra Páls Jónssonar á Höskuldsstöðum . . . 35 —

32. Elízabet Jónsdóttir, ekkja eptir síra Böðvar Þorvaldsson á Melstað . . 40 —

alls 1000 —

38 19da maí *Brjef landshöfðingja* (til beggja amtmanna)

um að 5 ljósmæðrum í Skaptafellsýslu,
7 —— - Rangárvallasýslu,
12 —— - Árnessýslu,
9 —— - Gullbringu- og Kjósarsýslu,
5 —— - Borgarfjarðarsýslu,
1 —— - Mýra- og Hnappadals-sýslu,
2 —— - Snæfellsnessýslu,
1 —— - Dalasýslu,
1 —— - Barðastrandarsýslu,
4 —— - Ísafjarðarsýslu,
1 —— - Strandasýslu,
3 —— - Húnavatnssýslu,
2 —— - Skagafjarðarsýslu,
9 —— - Eyjafjarðarsýslu,
6 —— - Þingeyjarsýslu,
3 —— - Norður-Múlasýslu og
» —— - Suður-Múlasýslu,

alls 71 ljósmæðrum[1] sje veittur samkvæmt tillögum landlæknisins 2 króna 81 eyris styrkur hverri, af þeim 200 krónum, sem konungsbrjef frá 20. júní 1766, 3. gr. skipar, að úthluta skuli árlega til allra ljósmæðra hjer á landi.

39 2an júní *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu).

Með þóknanlegu brjefi frá 30. janúar þ. á. meðtók jeg frá yður herra amtmaður bónarbrjef Sveins Sveinssonar á Hólum í Hjaltadal um, að honum, með tilliti til þess, að hann hefur um síðastliðin 46 ár fengizt við að sitja yfir sængurkonum í sveit sinni og nærsveitunum og tekið við nokkuð yfir 600 börnum, verði útvegaður lítill árlegur styrkur í elli sinni. Bónarbrjefinu fylgdi álit hlutaðeigandi sýslumanns, og leggið þjer til, að hið umbeðna verði veitt eður þá að beiðandanum veitist styrkur í eitt sinni fyrir öll.

Af þessu tilefni læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að þó beiðandinn með yfirsetum sínum hafi gjört mikið gagn í hjeraði því, er hann hefir verið búsettur í, og þó hann með alúðarfullri og ósjerplæginni hjálpsemi sinni hafi unnið til verðlauna, virðist þetta starf hans eigi hafa varðað almenning þannig, að honum fyrir það verði lagður styrkur af landssjóði eður hinum almenna læknasjóði. Þar í mót sje jeg ekki betur enn, að mikil ástæða gæti verið fyrir sýslunefndina í Skagafjarðarsýslu, til að veita beiðandanum lítinn árlegan styrk í þokkabót fyrir starfa þann, sem hann nú um langt árabil hefur gegnt án

1) Þar að auki eru lagðar einni ljósmóður á Vestmannaeyjum 60 krónur á hverju ári úr læknasjóðnum (op br. 24. marz 1863) og 2 ljósmæðrum í Reykjavík, hverri 100 krónur úr landssjóði (kansellibrjef 17. septbr 1803 og 28. marz 1840).